

En vantrúar lýðum eg læt á það bent,
 Sem lýst að um hann sé það skrítið:
 Að flest er af guðum við kvonbænir kent,
 Þó kvennafar hans spyrjist lítið.

En allur hans búskapur örðugur var.
 Hann ungaði á flækinginn krakka.
 Og það sögðu allir, hann ynni ekki par
 Af öðru en við Danskinn að makka.

Um vanhirta kosti varð konunni glatt,
 Þeir klingdu 'onum sífellt í eyra.
 Þó slægðist hún mest til að segja 'onum satt
 Ef söfnuður kom til að heyra.

A endanum varð hann svo ákúru-sár
 Og atyrðum stirður að gleyma,
 Hann stalst burt í friðinn, ið fimtánda ár,
 Á föðurleifð óselda heima.

Þér stökkvið ei upp við þann hjónbands hæng.
 Í hreinskilni tjái eg yður:
 Þau skildu í bili, að borði og sæng,
 Sem bara er höfðingja-siður.

Hún flutti, sem aðrir, til lifenda lands,
 Að lokum, og heim til hans bara—
 Hún giftist að lögum á hrepps-lægi hans,
 Svo hvert átti 'ún annað að fara ?